



Jafnréttisstefna Heilsuleikskólinn Hamravellir

Hamravellir, Hvannavellir 1, 221 Hafnarfjörður
Sími: 424-4640, [hamravellir\(hjá\)skolar.is](mailto:hamravellir(hja)skolar.is)

Jafnréttisstefna Heilsuleikskólans Hamravalla

Markmið: Að stuðla að jafnrétti á sem víðtækustum grunni í Heilsuleikskólanum Hamravöllum.

Jafnréttisstefnan nær til námskrár leikskólans, starfsmannastefnu og samvinnu við foreldra.

Gengið er út frá eftirfarandi grundvallaratriðum:

1. Samstaða og jákvæð samskipti/samvinna kynja er leið til jafnréttis.
2. Stúlkur og drengir eiga sama rétt og hafa sömu skyldur.
3. Karlar og konur eiga sama rétt og hafa sömu skyldur.

Jafnréttisstefnan á við um börn, foreldra og starfsfólk

Börn og nám þeirra:

Í Heilsuleikskólanum Hamravöllum skal

- mæta þörfum sérhvers barns óháð kyni. Tryggja ber að drengir og stúlkur hafi sama rétt, fái sama viðmót og njóti sömu hvatningar og örvunar til að taka þátt í öllum þeim viðfangsefnum sem leikskólinn býður upp á,
- stuðla að vináttu, samleik og jákvæðum samskiptum stúlkna og drengja,
- stuðlað að því viðhorfi að eðlilegt sé að bæði drengir og stúlkur leiki sér með allt leikefni og taki þátt í öllum leikjum,
- unnið gegn þeirri tilhneigingu að skipta veröldinni upp í drengi/karla og stúlkur/konur,
- leitast við að tryggja að börnin upplifi að bæði karlar og konur starfi í leikskólum og að bæði kyn vinni þar hin ýmsu verk,
- leitast við að tala ókynbundið til barnanna, nota heldur orðið börn eða krakkar en stúlkur og drengir. Varast ber að nota hugtök sem upphefja eða niðurlægja annað kynið,
- stuðlað að því að börn upplifi það eðlilegt að bæði kyn vinni hin ýmsu störf í samfélaginu og innan heimilanna,

- þess gætt að að ýta ekki undir staðalímyndir og að jafnvægi sé á milli þeirra kynjafyrirmynda og hugmynda sem birtast í textum og bókum,
- leitast við að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu á deildum.

Foreldrar

Í Heilsuleikskólanum Hamravöllum skal

- gæta þess að beina samskiptum að og orðum til bæði feðra og mæðra, hvort sem þau eru í sambúð eða ekki,
- feður og mæður hvött til að taka þátt í foreldrasamstarfi.

Starfsmenn

Í Heilsuleikskólanum Hamravöllum skal/skulu

- stuðlað að því að þar starfi karlar jafnt og konur og að verkaskipting sé ekki kynbundin,
- auglýsingar eftir starfsfólki vera ókyndbundnar,
- feður jafnt og mæður taka á sig fjarveru frá vinnu vegna eigin barna,
- stjórnendur vera á verði gagnvart því sem starfsmaður, karl eða kona getur skynjað sem kynferðislegt áreiti,
- temja sér orðfæri sem höfðar jafnt til beggja kynja,
- stuðlað að umræðum um jafnréttismál og unnið gegn því að litið sé á störf í leikskólunum sem kvennastörf.